***BORGARRÁÐ 15. nóvember 2018: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um helmingslækkun á verði skólamáltíða - R18110147***

Áður hefur Flokkur fólksins lagt fram tillögu um fríar skólamáltíðir og einnig um að lækka skólamáltíðir um þriðjung en báðar hafa verið felldar. Borgarfulltrúi Flokks fólksins vill enn gera tilraun til að fá borgarmeirihlutann til að ná sönsum í þessu efni og leggur nú til helmingslækkun. Borgarfulltrúi Flokks fólksins gerir sér grein fyrir að aðgerð kostar en vel má hagræða í mötuneytum skólanna sem dæmi og fæst þar fjármagn. Svo er þetta alltaf spurning um forgangsröðun og borgin á að setja börnin í forgang.